# Ágrip
*af reikningi Thorkilliibarnaskólasjóðs árið 1875.*

| | Tekjur: | Kr. | Aur. | Kr. | Aur. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Eptirstöðvar 31. des. 1874: | | | | |
| | *a.* í ríkisskuldabrjefum 27290 kr. » a. | | | | |
| | *b.* í veðskuldabrjefum einstakra manna 35787 — 52 - | 63077 | 52 | | |
| | *c.* sendir peningar til Kaupmannahafnar til að kaupa fyrir ríkisskuldabrjef . . . . . . . . . . | 1600 | » | | |
| | *d.* útistandandi vextir . . . . . | 58 | 81 | | |
| | *e.* í peningum . . . . . . . . | 1535 | 18 | 66271 | 51 |
| 2. | Vextir tilfallnir á árinu 1875 . . | | | 2431 | 9 |
| 3. | Innborgað af lánum einstakra manna | | | 327 | 68 |
| 4. | Sjóðurinn hefir á árinu eignazt ný ríkisskuldabrjef, að upphæð . . . | | | 1700 | » |
| | | | | 70730 | 28 |

| | Gjöld: | Kr. | Aur. | Kr. | Aur. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Fyrir prentun á eyðublöðum til rentukvittana . . . . . . . . . . | | | 4 | 56 |
| 2. | Útblutað til uppeldis fátækum börnum í Kjalarnesþingi . . . . . . | | | 2380 | » |
| 3. | Borgað fyrir keypt ný ríkisskuldabrjef | | | 1588 | 55 |
| 4. | Móti tekjulið 3 færist til jafnaðar . | | | 327 | 68 |
| 5. | Eptirstöðvar 31. des. 1875: | | | | |
| | *a.* ríkisskuldabrjef . 28990 kr. » a. | | | | |
| | *b.* skuldabrjef einstakra manna . . . . 35459 — 82 - | 64449 | 82 | | |
| | *c.* óborgaðir vextir til 11. júní 1875 | 60 | 62 | | |
| | *d.* peningar . . . . . . . . . | 1919 | 5 | 66429 | 49 |
| | | | | 70730 | 28 |

Reykjavík, 28. okt. 1876.
*Bergur Thorberg.* *P. Pjetursson.*

---

EMBÆTTASKIPAN.

Hinn 4. þ. m. var skipun þeirri, er gjörð var 2. okt. þ. á. á læknisþjónustu í Vestur-Skaptafells-, Rangárvalla og Árnesssýslum, breytt á þá leið, að praktiserandi læknir A. Tegner er settur til að gegna hjeraðslæknisstörfum í Árnessýslu frá 1. jan. 1877, en hjeraðslækninum í Vestur-Skaptafellssýslu, Sigurði Ólafssyni, falin á hendur hjeraðslæknisstörf í Rangárvallasýslu frá sama tíma.

PRESTVÍGSLUR.

Frá því að Stjórnartíðindin byrjuðu, hafa verið prestvígðir þessir kandídatar:

**1874**

30. dag ágústmánaðar.

Jón G. Halldórsson, aðstoðarprestur sira Halldórs próf. Jónssonar á Hofi.